

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1064/2013 um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðvesturlandi og út af Ströndum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ein ný grein svohljóðandi:

2. gr. a.

Dragnótaveiðar eru þó bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á Ólafsfirði innan línu, sem dregin er úr Brikurskeri 66°07,26'N - 18°36,58'V og þaðan í Æðasker 66°05,62'N - 18°33,56'V, sunnan fjarðarins.
2. Á Eyjafirði innan línu, sem dregin er réttvísandi austur/vestur um Hríseyjarvita, frá 66°01,09'N - 18°16,75'V til 66°01,09'N - 18°30,55'V.
3. Á Skjálfaflóa innan línu, sem dregin er milli Brikur 66°06,39'N - 17°49,32'V og þaðan í Stórastakk (Stakka) 66°09,77'N - 17°16,54'V á tímabilinu frá 15. mars til 1. september.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. mars 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.